

30. apríl 1971.

125

Nr. 49.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 30. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 90/1969:

1. gr.

54. gr. I. orðist svo:

I. Kandidatspróf.

Að loknu B.A.-prófi er stúdent heimilt að ganga undir kandidatspróf (cand. mag. próf) í grein, sem hann hefur lokið í þremur stigum.

Námsefni skal vera átta námsþættir, sem stúdent velur í samráði við kennara sína. Um lengd námsþátta skal farið eftir ákvörðun heimspekideildar. Aðalritgerðar efni velur stúdent í samráði við prófessora sína. Ritgerð skal samsvara tveimur námsþáttum.

Kandidatspróf skal fara fram í áföngum samkvæmt samþykkt heimspekideildar. Próf skulu vera munnleg og/eða skrifleg eftir ákvörðun hlutaðeigandi prófessors. Heimilt er, að ritgerð samin innan átta daga tímamarka komi í stað prófs í námsþætti. Kandidatsefni skal hafa lokið kandidatsprófi eigi síðar en fjórum árum eftir upphaf áfangaprófs. Frá þessu er heimspekideild heimilt að veita undanþágu. Aðalritgerð skal skilað eigi síðar en mánuði fyrir upphaf lokaáfangaprófs.

Einkunnir eru 6 alls: meðaleinkunn úr B.A.-prófi, tvöföld einkunn fyrir aðalritgerð og þreföld einkunn fyrir áfangapróf.

a) Kandidatspróf í íslenzku.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf og lokið þremur stigum í íslenzku, getur lesið til cand. mag.-prófs í íslenzku. Kandidatsefni velur sér aðalgrein, málfræði og sögu íslenzkrar tungu eða íslenzkar bókmenntir, skýring þeirra og sögu.

Heimilt er að áskilja nokkra þekkingu í öðrum norrænum málum og bókmenntum, svo og öðrum germönskum málum og bókmenntum.

Stúdent velur sér sex þætti annað hvort úr málfræði eða bókmenntum. Einn þáttur skal vera í inngangs- og/eða aðferðarfræðum valgreinarinnar. Þó má stúdent velja 4 þætti úr aðalgreinum, en tvo úr einhverjum öðrum greinum í samráði við prófessora aðalgreinar.

Heimspekideild ákveður, hverjir skuli vera námsþættir í íslenzku.

b) Kandídatsexpróf í sagnfræði.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf og lokið þremur stigum í sagnfræði, getur lesið til cand. mag.-prófs í þeirri grein. Kandídatsefni velur sér ritgerðargrein úr sögu Íslands eða almenna sögu.

Í ritgerðargrein velur kandídatsefni sér í samráði við prófessora eigi minna en fjóra námsþætti. Tvo þætti getur kandídatinn valið sér úr sömu grein utan skipulagðs námsefnis eða öðrum greinum í samráði við prófessora. Heimilt er, að allir þættir séu úr einni og sömu grein, þ. e. hinu skipulagða námsefni ritgerðargreinar. Einn þáttur sé í inngangs- og/eða aðferðarfræðum ritgerðargreinar.

Heimspékideild ákveður, hverjir vera skuli námsþættir í sagnfræði.

c) Kandídatsexpróf í ensku.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf og lokið þremur stigum í ensku, getur lesið til cand. mag.-prófs í ensku. Kandídatsefni velur sér ritgerðargrein úr málfræði og sögu enskrar tungu (þar með forneskum bókmenntum) eða enskum bókmenntum eftir 1500.

Stúdent velur sér sex þætti úr málfræði og bókmenntum, og skulu fjórir þeirra vera úr ritgerðargrein, en tveir úr hliðargrein.

Heimspékideild ákveður, hverjir skuli vera námsþættir í ensku.

Kandídatsefni skal sýna hagnýtt vald á ensku máli í ræðu og riti, og stenz hann því aðeins prófið, að hann hafi fullnægt lágmarkskröfum með tilliti til þess.

2. gr.

Fimm síðustu málsgreinar 54. gr. orðist svo:

Meistarapróf skal vera í áföngum og skal hvor (hver) prófgrein vera sérstakur áfangi. Til að standast prófið skal stúdent hljóta tilskilda lágmarksmeðaleinkunn samkv. 68. gr. í hvoru (hverju) áfangaprófi. Síðari (síðasti) áfanginn skal ætíð vera próf í kjörsviðsgrein.

Stúdent skal hafa lokið síðara (síðasta) áfangaprófi eigi síðar en á áttunda misseri, talið frá og með því misseri, er hann gengur undir fyrra (fyrsta) áfangaprófið. Ef út af bregður, falla fyrri áfangapróf úr gildi.

Stúdent er heimilt að ljúka öðrum prófum en prófi í kjörsviðsgrein (aðalgrein), áður en hann skilar kjörsviðsritgerð.

Nánari reglur um námsefni til cand. mag.- og mag. art.-prófa setja prófessorarnir í hlutaðeigandi greinum.

3. gr.

Um próf tekin eftir 1. janúar 1971 fer samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar eða reglugerðarbreytingar frá 2. febrúar 1971.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. apríl 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.